

Að því er varðar fyrningarástæðu stefnda, þá verður ekki annað séð en kaupin á skemmunum við Lambhagahæð hafi gengið til baka á árinu 1946, en fyrr stofnaðist ekki krafa þessi á hendur Sölnunefnd setuliðseigna eða stefnda. Var því fyrningartími kröfu þessarar ekki liðinn, er mál þetta var höfðað. Þá verður heldur ekki talið, að stefnandi hafi með athafnaleysi sínu glatað rétti til að endurheimta fé þetta.

Með vísan til þessa verður að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða kaupverð skemmanna, kr. 24 000.00, með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá 15. des. 1948, en þá hófst stefnandi fyrst sannanlega handa um heimtu fjár þessa.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Skipa-naust h.f., kr. 24 000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1948 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. júní 1953.

Nr. 50/1953. **Egill Vilhjálmsson, Matthías Guðmundsson
og Ingunn Egilsdóttir** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn

**Jóni Hauki Baldvinssyni, Hafsteini
Baldvinssyni, Halldóri Baldvinssyni og
Ástu B. Thorarensen** (Theódór B. Lindal).

Dómendur:

**Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni
Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyjólfsson og
próf. Ólafur Jóhannesson.**

Eignarréttur að bifreið. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa með stefnu 10. apríl 1953 skotið til Hæstaréttar dómum, er upp voru kveðnir á bæjarþingi Reykjavíkur 11. júlí 1952 og 12. marz 1953. Þeir gera þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefndu.

Varakrafa: Að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefndu, ef Gunnar Vilhjálmsson vinnur eið að þeim fram-
burði sínum á bæjarþingi Reykjavíkur 26. október 1951, að hann hafi greitt Baldvini heitnum Halldórssyni kr. 5000.00 fyrir innflutningsleyfi það, sem í málinu greinir.

Prautavarakrafa: Að dæmdar fébætur verði lækkaðar eftir mati Hæstaréttar, áfrýjendum verði dæmdir 6% ársvextir af verði umræddrar bifreiðar frá 14. nóvember 1949 og dag-
sektir niður felldar.

Pá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hinna áfrýjuðu dóma og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hinna áfrýjuðu dóma ber að staðfesta þá.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinir áfrýjuðu dómar eiga að vera óraskaðir.

Áfrýjendur, Egill Vilhjálmsson, Matthías Guðmundsson og Ingunn Egilsdóttir, greiði in solidum stefndu, Jóni Hauki Baldvinssyni, Hafsteini Baldvinssyni, Halldóri Baldvinssyni og Ástu B. Thorarensen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., hafa Jón Haukur Baldvinsson, Hafsteinn Baldvinsson, Halldór Baldvinsson og Ásta B. Thorarensen, börn Baldvins Halldórssonar skipstjóra í Hafnarfirði og konu hans, Helgu Jónsdóttur, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út-
gefinni 10. apríl f. á., gegn Agli Vilhjálmssyni forstjóra, Matthíasi Guðmundssyni og konu hans, Ingunni Egilsdóttur, öllum til heimilis að Laufásvegi 26, hér í bænum, og til vara gegn Agli Vilhjálmssyni f. h. Egils Vilhjálmssonar h/f., hér í bæ.

Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, eru málavextir þessir:

Á árinu 1949, sennilega í september, fékk faðir stefnenda leyfi yfir-

valda til innflutnings á fólksbifreið frá Englandi. Ætla má, að hann hafi ekki fengið leyfið sjálfur í hendur, heldur aðeins tilkynningu þess efnis, að leyfið væri veitt, þar eð stefndi Egill greiddi leyfisgjaldið kr. 100.00 svo og gjald af leyfinu til dýrtíðarsjóðs, kr. 5000.00, og fékk innflutningsleyfið afhent. Var það auðkennt B nr. 15075. Þantaði Egill síðan frá Englandi bifreið af Morrisgerð út á leyfið og kom hún hingað til Reykjavíkur með v/s Lagarfossi 12. nóv. 1949 ásamt annarri bifreið af sömu gerð. Bifreiðar þessar voru tollafgreiddar 14. s. m. Samkvæmt tollreikningnum hefur kostnaður við tollafgreiðslu hvorrar bifreiðar numið kr. 4554.02 og kaupverð hvorrar að meðtöldu flutningsgjaldi og vátryggingu ísl. kr. 7376.56, miðað við gengi sterlingspunds á kr. 26.22. Greiddi stefndi Egill toll og önnur slík gjöld af bifreiðinni, en ekki kemur fram, hver hefur greitt kaupverð hennar erlendis og kostnað í erlendri mynt við flutninginn hingað til lands. Eftir að bifreiðin hafði verið tollafgreidd, mun hún hafa verið í vörslum stefnda Egils eða fyrirtækis hans, varastefnda.

Hinn 10. apríl 1950 andaðist faðir stefnenda. Hafði þá móðir þeirra lagzt banaleguna, en gat þó enn fylgt fötum öðru hvoru. Hún andaðist 22. maí 1950, án þess að hafa fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir mann sinn.

Stefndi Egill hringdi hinn 18. apríl 1950 til móður stefnenda og spurðist fyrir um það, hvort hún væri svo frisk, að hún gæti veitt honum viðtal. Er hún svaraði því játandi, fór hann á fund hennar í Hafnarfirði og áttu þau þar viðræðu um bifreiðina. Undirritaði móðir stefnenda í þeim samræðum eftirfarandi yfirlýsingu, er stefndi kom með sér, tilbúna til undirskriftar:

„Þar sem mér undirritaðri var kunnugt um, að maður minn, Baldvin Halldórsson, hafði látið þau Ingunni Egilsdóttur og Matthías Guðmundsson, Laufásvegi 26, fá leyfi fyrir fólksbifreið, nr. B 15075 frá Englandi, þá samþykki ég fyrir mitt leyti afsal á áðurnefndu leyfi til Ingunnar Egilsdóttur og Matthíasar Guðmundssonar, Laufásvegi 26, Reykjavík.“

Einn stefnenda, Hafsteinn, var viðstaddur umgetnar samræður. Ráðlagði hann móður sinni að undirrita yfirlýsinguna, en hann kveður sér ekki hafa verið kunnugt um efni hennar, fyrr en til máls þessa kom. Gefur hann þá skýringu á þessari ráðleggingu sinni, að hann hafi ekki viljað að móðir sín kæmist í geðshræringu, en læknar hennar hafi sérstaklega varað við því.

Samdægurs og yfirlýsingin var undirrituð fór stefndi Egill með hana á skrifstofu lögreglustjóra í Reykjavík og fékk bifreið þá, sem innflutningsleyfið B-15075 hljóðaði á, skrásetta á nafn stefndu, dóttur sinnar Ingunnar og manns hennar, stefnda Matthíasar. Hlaut bifreiðin skrásetningarnúmerið R 2884.

Stefnendur hafa gert þessar dómkröfur í málinu:

Að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra að bifreiðinni R 2884.

Að stefndu Ingunn Egilsdóttir og Matthías Guðmundsson verði dæmd til þess, að viðlögðum 200 króna dagsektum, að afhenda þeim fyrr-

greinda bifreið, aðallega án endurgjalds, en til vara gegn því að þeir greiði stefndu þann kostnað, er dómarninn teldi sannað, að hin stefndu hafi innt af hendi til þess að fá bifreiðina í hendur vegna innflutnings hennar og til þrautavara gegn því, að þeir greiði kaupverð bifreiðarinnar samkvæmt innkaupareikningi í islenzkri mynt auk kostnaðar þess, er í varakröfunni greinir.

Að öll hin stefndu verði dæmd skaðabótaskyld in solidum vegna verðrýrnunar á bifreiðinni og loks að þau verði dæmd in solidum til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að er faðir þeirra hafði fengið samþykkt sér til handa innflutningsleyfi fyrir fólksbifreið frá Englandi, hafi hann snúið sér til stefnda Egils og beðið hann að útvega bifreiðina, þar sem hann sjálfur eða fyrirtæki hans, varastefndi, sé umboðsmaður ýmissa þekktra bifreiðaframleiðenda og annist innflutning og sölu bifreiða. Hafi stefndi Egill fengið innflutningsleyfið í hendur í þessu skyni, og þar sem leyfið hafi ekki verið framselt eða bifreiðinni, sem inn á það var flutt, ráðstafað löglega til annarra, hafi þeir (stefnendur) orðið eigendur bifreiðarinnar sem einkaerfingjar foreldra sinna að þeim látnum. Elgi þeir því rétt á að fá eignarrétt sinn viðurkenndan og bifreiðina afhenta. Þeir gera þá grein fyrir drætti þeim, er á því varð, að faðir þeirra krefðist bifreiðarinnar, eftir að hún kom til landsins, að hann hafi ekki viljað taka hana í notkun að vetrarlagi og bifreiðageymsla, er hann átti, hafi verið full af ýmsu dóti.

Að því er varðar kröfur stefnenda um endurgjald af þeirra hálfu fyrir bifreiðina, telja þeir sig hafa allgóða ástæðu til að ætla, að faðir þeirra hafi greitt a. m. k. eitthvað af andvirði hennar.

Loks telja stefnendur augljóst, að bifreiðin hafi rýrnað í verði, þar sem hún muni hafa verið í stöðugri notkun síðan hún var skrásett. Á þeirri verðrýrnun beri öll hin stefndu solidariska ábyrgð, þar sem þau hafi í sameiningu staðið að ráðstöfun bifreiðarinnar.

Stefndu hafa mótmælt öllum framangreindum kröfum stefnenda og krafist sýknu af þeim og málskostnaðar úr hendi stefnenda eftir mati dómarans.

Reisa stefndu sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að stefndi Egill hafi keypt innflutningsleyfið af föður stefnenda með milligöngu bróður síns, Gunnars Vilhjálmssonar, sem einnig er meðstjórandi varastefnda, og greitt fyrir það kr. 5000.00. Hafi stefndi Egill því verið réttur heimildarmaður að bifreið þeirri, er inn á leyfið hafi verið flutt.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfuna á því, að móðir stefnenda hafi með áðurgreindri yfirlýsingu sinni samþykkt framsal leyfisins til stefndu Ingunnar og Matthíasar.

Áðurnefndur Gunnar hefur komið fyrir dóm. Segist honum svo frá, að hann hafi verið kunnugur föður stefnenda, er hafi skýrt sér frá, að hann hafi fengið innflutningsleyfi fyrir bifreið frá Englandi og beðið sig að selja leyfið og talað um að fá kr. 7000.00 fyrir það. Þetta hafi verið í ágúst eða september 1949. Hann hafi síðan boðið einhverjum leyfið, en

menn hafi ekki viljað kaupa það, talið það of dýrt. Minnst Gunnar þess ekki, að hann hafi getið þess við menn þessa, hver ætti leyfið. Í október 1949 hafi hann átt tal um þetta við stefnda Egil, er hafi viljað kaupa leyfið, fengi hann það fyrir kr. 5000.00. Hann hafi þá hringt til föður stefnenda og skýrt honum frá þessu. Hafi faðir stefnenda svarað því til, að þetta væri allt í lagi og skyldu þeir hafa þetta þannig. Kveðst Gunnar síðan hafa fengið kr. 5000.00 hjá stefnda Agli og greitt föður stefnenda féð suður í Hafnarfirði, en fengið hjá honum í staðinn tilkynningu um leyfisveitinguna. Að þessum skiptum loknum hafi hann haldið aftur til Reykjavíkur, tekið leyfið hjá Viðskiptanefnd og síðan afhent það stefnda Agli, er áður hafi verið búinn að fá honum fé til að greiða leyfisgjaldið. Er skýrsla stefnda Egils fyrir dómi varðandi leyfiskaupin í samræmi við framangreindan framburð. Hafa stefnendur mótmælt báðum framburðunum sem röngum og framburði Gunnars sérstaklega sem vilhóllum og óstaðfestum.

Tveir stefnenda, Jón Haukur og Hafsteinn, hafa komið fyrir dóm. Hefur Jón Haukur borið það, að hann hafi aldrei heyrt annað en að faðir hans ætlaði að fá bifreiðina og aldrei hafi hann heyrt föður sinn tala um að selja leyfið. Hafsteinn hefur að því er þetta atriði varðar borið það, að hann hafi aldrei heyrt föður sinn tala um, að hann hefði selt eða ætlað að selja innflutningsleyfið. Þessum framburðum hafa stefndu mótmælt sem röngum.

Við munnlegan flutning málsins gerðu stefndu þá varakröfu, að þau verði sýknuð, ef áðurnefndur Gunnar Vilhjálmsson vinnur eið að þeim framburði sínum, að hann hafi greitt föður stefnenda kr. 5000.00 fyrir innflutningsleyfi það, sem í málinu greinir.

Það er ekki sannað gegn mótmælum stefnenda, að faðir þeirra hafi selt stefnda Agli umrætt innflutningsleyfi og ekki kemur til greina, eins og á stendur, að láta úrslit málsins velta á eiði Gunnars Vilhjálmssonar um þetta atriði. Innflutningsleyfið var af leyfisgjafa (yfirvaldi) bundið við nafn föður stefnenda, og öllum öðrum óheimilt að nota það, nema með samþykki leyfisgjafans. Þá var sala á leyfinu bönnuð. Voru skilmálar þessir prentaðir á leyfið. Sala á leyfinu, jafnvel þó að fram hefði farið, hefði því brotið í bág við ákvarðanir yfirvalds þess, sem leyfið veitti, og því verið ógild. Geta stefndu ekki byggt rétt til bifreiðarinnar á slíkri sölu, og hefur því fyrri sýknuástæða þeirra ekki við rök að styðjast.

Áður hefur komið fram, að móðir stefnenda hafði ekki fengið leyfi til setu í óskiptu búi, er hún undirritaði fyrrgreinda yfirlýsingu frá 18. apríl 1950 og ekkert stefnenda (samerfingjar hennar að búi eiginmannsins) samþykkti yfirlýsinguna eða hefur síðar samþykkt afhendingu bifreiðarinnar til annarra. Er ljóst að síðari sýknuástæða stefndu hefur heldur ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stefnendur sem einkamerfingjar foreldra sinna eigi rétt til hlutar þess, bifreiðarinnar R 2884, sem flutt var til landsins á innflutningsleyfið B nr. 15075. Ber því að

viðurkenna eignarrétt stefnenda að nefndri bifreið og dæma stefndu Ingunni og Matthías til að afhenda stefnendum hana, að viðlögðum dagsektum til stefnenda, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Að því er varðar endurgjald af hálfu stefnenda fyrir bifreiðina, verður ekki séð, að faðir stefnenda hafi greitt neitt upp í hana né heldur að nokkuð hafi verið greitt af andvirði hennar úr búi hans eða af hálfu stefnenda. Ber stefnendum því að greiða stefndu andvirði bifreiðarinnar að fullu gegn afhendingu hennar. Eftir gögum þeim, sem fyrir liggja, hefur kostnaðarverð bifreiðarinnar kominnar hingað og tollafgreiddrar numið kr. 17030.58 (kr. 100.00 + kr. 5000.00 + kr. 4554.02 + kr. 7376.56). Sennilegt er, að nokkur verðrýrnun hafi orðið á bifreiðinni vegna notkunar hennar frá þeim tíma, er hún var skráð. Má fallast á það hjá stefnendum, að athuguðum framangreindum málavöxtum, að hin stefndu Egill, Ingunn og Matthías beri gagnvart stefnendum solidariska ábyrgð á verðrýrnuninni, og verður því krafa stefnenda varðandi skaðabótaskyldu þeirra tekin til greina.

Stefndi Egill virðist í viðskiptum þeim, er í máli þessu greinir, hafa komið fram persónulega, en ekki vegna fyrirtækis síns, varastefnda. Ber því að sýkna varastefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Hins vegar ber að dæma aðalstefnda in solidum til að greiða stefnendum málskostnað. Ákveðst hann kr. 2000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómurinn hefur eigi orðið kveðinn upp fyrir vegna sérstakra anna undanfarið í sambandi við það, að þingleyfi hófst 1. þ. m.

Dómsorð:

Eignarréttur stefnenda Jóns Hauks Baldvinssonar, Hafsteins Baldvinssonar, Halldórs Baldvinssonar og Ástu B. Thorarensen að bifreiðinni R 2884 viðurkennist.

Stefndu, Ingunni Egilsdóttur og Matthíasi Guðmundssyni, er skylt að afhenda stefnendum nefnda bifreið, að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnenda, gegn greiðslu á kr. 17030.58.

Stefndu Egill Vilhjálmsson, Ingunn og Matthías eru skaðabótaskyld in solidum gagnvart stefnendum vegna verðrýrnunar á bifreiðinni.

Þá greiði stefndu Egill, Ingunn og Matthías in solidum stefnendum kr. 2000.00 í málskostnað.

Varastefndi, Egill Vilhjálmsson h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu, og falli málskostnaður niður, að því er hann varðar.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hafa Jón Haukur Baldvinsson, Hafsteinn Baldvinsson, Halldór Baldvinsson og Ásta B. Thorarensen, börn Baldvins Halldórssonar, skipstjóra í Hafnarfirði, og konu hans, Helgu Jónsdóttur, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. apríl f. á., gegn Agli Vilhjálmssyni forstjóra, Matthíasi Guðmundssyni og konu hans, Ingunni Egilsdóttur, öllum til heimilis að Laufásvegi 26, hér í bæ, og til vara gegn Agli Vilhjálmssyni h/f, hér í bænum.

Flutningi málsins hefur verið skipt og gekk dómur í fyrra þætti þess í bæjarþingi Reykjavíkur 11. júlí s. l. Með þeim dómi var eignarréttur stefnenda að bifreiðinni R 2884 viðurkenndur og stefndu Matthíasi og Ingunni dæmt skyld að afhenda stefnendum hana, að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnenda, gegn greiðslu á kr. 17030.58. Þá voru stefndu Egill, Matthías og Ingunn dæmd skaðabótaskyld in solidum gagnvart stefnendum vegna verðýrnunar á bifreiðinni.

Í þessum þætti málsins hafa stefnendur krafizt þess, að stefndu Egill, Matthías og Ingunn verði dæmd til þess in solidum að greiða þeim kr. 15000.00, er komi til skuldajafnaðar við kröfu þá, kr. 17030.58, er um ræðir í dómi bæjarþingsins frá 11. júlí 1952. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar, þar með talins matskostnaðar kr. 500.00, úr hendi stefndu in solidum og eftir mati dómarans. Jafnframt hafa stefnendur áskilið sér rétt til bóta úr hendi stefndu fyrir:

1. Verðýrnun á hinni umdeildu bifreið frá 23. október 1952 til þess er bifreiðin verður afhent.

2. Bætur fyrir afnotamissi af bifreiðinni frá 18. apríl 1950 til þess er hún verður afhent.

Stefndu hafa krafizt þess, að ef þau yrðu endanleg úrslit máls þessa, að þau yrðu dæmd til þess að skila umræddri bifreið, þá verði þeim aðeins gert að greiða í skaðabætur til stefnenda 30% af kr. 17030.58, að fráðregnum 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 14. nóvember 1949. Til vara hafa stefndu krafizt þess, að verðýrnun bifreiðarinnar verði miðuð við opinbert sölumat á henni, kr. 20 000.00. Þá hafa þau mótmælt málskostnaðarkröfu stefnenda og krafizt málskostnaðar úr hendi þeirra. Loks áskilja stefndu sér rétt til bóta úr hendi stefnenda.

Stefnendur hafa mótmælt framangreindum kröfum stefndu.

Bifreið sú, sem um ræðir í máli þessu, var flutt hingað til lands með v/s Lagarfossi 12. nóv. 1949. Hún var tollafgreidd 14. s. m. og síðan skráð á nafn stefndu, Matthíasar og Ingunnar, hinn 18. apríl 1950. Hefur bifreiðin verið í vörzlum þeirra síðan og hafa þau haft afnot hennar.

Hinn 13. okt. s. l. fékk lögmaður stefnenda tvo hæfa og óvilhalla menn dómkvadda í bæjarþingi Reykjavíkur til þess að skoða bifreiðina „og meta hverju nemur verðýrnun hennar, frá því hún var skrásett ný 18. apríl 1950, til þess er mat fer fram, miðað við nýjan bíl, smíðaðan 1949.“ Eftir að hafa skoðað bifreiðina og kynnt sér ástand hennar og notkun mátu matsmennirnir verðýrnun hennar á tímabilinu frá 18. apríl 1950 til 23. okt. s. l., en þá fór matið fram, 30% miðað við nýja bifreið

1949. Þá segja matsmennirnir í matsgerðinni, að gangverð á þessari tegund bifreiða muni árið 1950 hafa verið kr. 45000.00, og telja þeir, eftir að hafa kynnt sér verð á sams konar bifreiðum á þeim tíma, er matið fór fram, að verð bifreiðarinnar hafi þá ekki verið meira en kr. 30 000.00.

Reisa stefnendur fjárhæð kröfu sinnar í þessum þætti málsins á umræddu mati.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að bifreiðin hafi verið keypt til eigin afnota, en ekki til sölu á svörtum markaði. Beri því að leggja til grundvallar útreikningi á verðrýrnun bifreiðarinnar kaupverð hennar kr. 17030.58, en ekki verð hennar í svartamarkaðsbraski. Þá kveðast stefndu hafa orðið að leggja fram kaupverð bifreiðarinnar, til þess að hún fengist flutt inn, og eigi þau því venjulega vaxtakröfu af kaupverðinu. Loks telja stefndu, að verðrýrnun bifreiðarinnar liggi eingöngu í þeim afnotum, er þau hafi haft af henni, og komi því sérstakar bætur fyrir afnotamissi ekki til greina.

Telja verður eðlilegast að leggja til grundvallar verðrýrnun umræddrar bifreiðar mismuninn á raunverulegu verðmæti hennar, er hún var ný afhent stefndu Matthíasi og Ingunni, og verðmæti hennar, er stefnendur fá bifreiðina afhenta.

Svo sem áður segir, telja matsmennirnir gangverð sams konar bifreiða á innlendum markaði á árinu 1950 kr. 45 000.00 og að ekki muni fást meira verð fyrir bifreiðina á matsdegi en kr. 30 000.00. Matinu hefur ekki verið andmælt sem óstaðföstu né það sætt rökstuddum andmælum, og þykir verða að leggja það til grundvallar um verðrýrnun bifreiðarinnar á þeim tíma, er matið tekur til, og nemur verðrýrnunin þá kr. 15000.00. Samkvæmt því, er nú var sagt, verða mótmæli og kröfur stefndu ekki teknar til greina, heldur ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnendum hina umkröfðu fjárhæð og eiga þeir rétt á að skuldajafna henni við þær kr. 17030.58, er um getur í fyrrgreindum bæjarþingsdómi. Þá ber og að dæma stefndu in solidum til þess að greiða stefnendum málskostnað í þessum þætti málsins. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2000.00, og er þar með talinn matskostnaður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu Egill Vilhjálmsson, Matthías Guðmundsson og Ingunn Egilsdóttir greiði in solidum stefnendum Jón Hauki Baldvinssyni, Hafsteini Baldvinssyni, Halldóri Baldvinssyni og Ástu B. Thorarensen kr. 15000.00, og eiga stefnendur rétt á að skuldajafna fjárhæð þessari við fjárhæð þá, kr. 17030.58, sem um getur í dómi bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu, uppkveðnum 11. júlí 1952. Þá greiði stefndu in solidum stefnendum kr. 2000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.